

Skýrslur

Nýjar skýrslur

Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga

Nokkrum skýrslum hefur verið bætt við í Sögu til að styðja betur við upplýsingagjöf þegar einstaklingar óska eftir að vita hver eða hverjir hafi fengið aðgang að gögnum hans. Eldri skýrslurnar sem voru hafðar til hliðsjónar (og eru enn til staðar) taka mið af því þegar sjúkraskrá einstaklings er opnuð í Eyðublöðum, en nýju skýrslurnar taka mið af því hver hefur fengið aðgang í gegnum aðgangsstýringar. Sú virknaðgerð skráist þegar notandi sem ekki hefur meðferðartengsl við einstakling fær aðgang að upplýsingum hans, öðrum en persónuupplýsingum og sú heimild gildir í sólarhring að öllu jöfnu. Ef skoða þarf uppflettingar ítarlegar þá er notendum bent á eftirlitskubb í Öskju.

Eldri skýrslurnar eru (voru endurnefndar til aðgreiningar en eru óbreyttar):

- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga (sjúkraskrá / eyðublöð opnuð)
- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga - án kt. notenda (sjúkraskrá / eyðublöð opnuð)
- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga - stöðvaskipt (sjúkraskrá / eyðublöð opnuð)

Nýju skýrslurnar eru:

- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga (aðgangur veittur í gegnum aðgangsstýringar)
- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga - án kt. notenda (aðgangur veittur í gegnum aðgangsstýringar)
- SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga - stöðvaskipt (aðgangur veittur í gegnum aðgangsstýringar)